

Menningar- og viðskiptaráðuneytið  
Sölvhólsgötu 7  
101 Reykjavík

Reykjavík 30.08.2022

### **Varðar: Umsögn STEFs um drög að frumvarpi til laga um tónlist**

Fyrst og fremst vill STEF þakka fyrir að fá að hafa komið að vinnu starfshóps ráðuneytisins um gerð tónlistarstefnu fyrir Ísland 2023-2030 sem að leiddi síðan af sér ofangreint frumvarp.

Það að stofnun Tónlistarmiðstöðvar sé tryggð með lögum og að búinn sé til formlegur rammi utan um starfsemi hennar er afskaplega mikilvægt fyrir þróun og framgang íslenskrar tónlistar, innanlands sem utan. Það sama má segja um þá endurskipulagningu Tónlistarsjóðs sem á sér stað með frumvarpi þessu. STEF ber miklar vonir til þess að þetta tvennt verði til þess að efla menningu og tónlistarlíf í landinu.

Í 3. gr er fjallað um hlutverk Tónlistarmiðstöðvar og kemur þar skýrt fram hvert hlutverk hennar er varðandi útflutning tónlistar en hins vegar vantar aðeins upp á að skýra hlutverk hennar varðandi ráðgjöf og aðstoð við innlent tónlistarlíf, en ætlunin er að ein af deildum Tónlistarmiðstöðvar verði helguð slíkri aðstoð.

Í 7. gr. er fjallað um Tónlistarsjóð og endurskipulagningu hans. Í ljósi þess að það verður eitt helsta hlutverk Tónlistarmiðstöðvarinnar að annast umsýslu með Tónlistarsjóð er eðlilegra að það sé miðstöðin sjálf sem ákveði stefnu og áherslur í starfi sjóðsins og setji reglur um meðferð umsókna svo og annist úthlutun í stað þess að það sé ráðherra. Með slíku væri einnig komið í veg fyrir hugsanleg afskipti pólitískt skipaðra ráðherra af styrkveitingum og gegnsæi og traust á skipan mála sjóðsins yrði meira en ella.

STEF vill einnig benda á að farið hefði vel á því að kveða aðeins skýrar um hlutverk Tónlistarráðs, hversu margir eigi að sitja í því og hversu oft það á að funda til að það nái örugglega að sinna því starfi sem því er ætlað samkvæmt frumvarpinu.

Þá vill STEF einnig benda á það sem samtökin hafa áður bent á varðandi löggjöf um Sinfóníuhljómsveit Íslands, en það er að STEF telur nauðsynlegt að kveða sterkar að orði

varðandi það að hljómsveitinni beri að leggja sérstaka áherslu á kynningu og útbreiðslu á íslenskri tónlist hér á landi og erlendis.

Virðingarfyllt  
F.h. STEFs



Guðrún Björk Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri